

Heilbrigðisnefnd

Ár 2016, fimmtudaginn 22. september var haldinn 106. fundur heilbrigðisnefndar Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn í fundarsal Arnarholti 3. hæð austur að Borgartúni 12-14 og fundurinn hófst kl. 14:17. Viðstaddir voru: Sabine Leskopf, Diljá Ámundadóttir, René Biasone, Björn Birgir Þorláksson, Björn Gíslason og Hörður Gunnarsson. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Arný Sigurðardóttir, Rósa Magnúsdóttir og Óskar Í. Sigurðsson. Fundarritari var Örn Sigurðsson.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram gjaldskrá varðandi sorphirðugjöld í Reykjavík. Örn Sigurðsson og Guðmundur B. Friðriksson kynntu. Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur hefur farið yfir drög að gjaldskrá vegna sorphirðu frá heimilum í Reykjavík og sér ekki ástæðu til athugasemda. Björn Gíslason situr hjá við afgreiðslu umsagnarinnar.

Guðmundur B. Friðriksson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 14.25 tekur Ólafur Jónsson sæti á fundinum.
2. Lögð fram fjárhags- og starfsáætlun og gjaldskrár Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og hundaeftirlits. Starfsáætlun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir árið 2017 er samþykkt. Björn Gíslason fulltrúi D-lista sat hjá. Gjaldskrá fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit í Reykjavík fyrir árið 2017 er samþykkt. Björn Gíslason fulltrúi D-lista og Ólafur Jónsson fulltrúi SA sátu hjá. Gjaldskrá hundaeftirlits í Reykjavík fyrir árið 2017 er samþykkt. Björn Gíslason fulltrúi D-lista og Ólafur Jónsson fulltrúi SA sátu hjá. Fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir árið 2017 er samþykkt. Björn Gíslason fulltrúi D-lista og Ólafur Jónsson fulltrúi SA sátu hjá.
 3. Næsti fundur heilbrigðisnefndar Reykjavíkur. Næsti fundur ákveðinn 19. október kl. 14.30 í Hjarðarnesi.

Fundi slitið kl. 15.21

Sabine Leskopf

Ólafur Jónsson
Björn Gíslason
Björn Birgir Þorláksson

René Biasone
Diljá Ámundadóttir